

Efni og frágangur lagna sé í samræmi við holræsareglugerð

Jarðvatns og regnvatnslögn ϕ 100 samskeyti ópökkuð

Brunnar ϕ 100 Sm

Gólfhæð sé 21.0 m

STAÐSETNING:

Rotþróna má ekki staðsetja nær íbúðarhúsi en 5 m og ekki fjær en 30 m. Frárennslispípa skal liggja fyrir neðan botn vatnsbóls sé það í grennd, og minnst í 30 m fjarlægð.
Grafa skal fyrir þrónni niður á frostfrían þéttan jarðveg. Fylla skal að þrónni með frostþolnu efni, a.m.k. niður á frostfritt dýpi.
Frárennslislögn frá rotþró skal vera úr Ø 100 mm pípum. Sé jarðvegurinn sandur, möl eða gljúpt hraun má hleypa frárennslinu beint niður í jarðveginn. Sé um þéttan moldarjarðveg að ræða, má veita frárennslinu í lokaðan skurð fylltan með sandi og möl, eða lekaþró sjá teikningar og síðan í opinn skurð eða læk. Til að halda sandinum í áðurnefndum skurði hreinum, má setja klór í frárennslislögnina og dreifa klóri yfir yfirborð skurðarins, þetta skal aðeins gert í rigningu til að gróður brenni ekki. Ekki skal hreinsa með klóri þar sem frárennsli er veitt í á eða vatn. Tenging aðrennslislagnar og frárennslislagnar við rotþró skal vera þétt.

LOFTRÆSTING:

Rotþró skal loftræsta, annað hvort gegn um aðrennslislögn upp úr þaki, með Ø 70 mm járnpípu eða með Ø 50 mm járnpípu upp úr rotþró. Loftræstipípa þessi skal vera útbúin með hettu, eða svanahálsi til að fyrirbyggja grjótkast ofan í rotþróna.

TÆMING:

Áður en rotþróin er tekin í notkun skal fylla hana með vatni og skal hún fyllt í hvert skipti sem hún er tæmd, en það þarf að gera einu sinni á ári.
Heppilegt er að nota haugsugu við tæminguna.
Ávallt skal skilja eftir sem svarar ca. 1/10 hluta af neðsta rotnaða laginu, til að viðhalda áframhaldandi gerjun. Í hvert skipti sem þróin er tæmd, skal setja í hana eina fötu af þeskjuðu kalki til að auðvelda gerjun.

ÓHEIMILT
ER AÐ SMÍÐA EFTIR ÞESSARI TEIKNINGU NEMA MEÐ LEYFI HÖFUNDAR.





Skolp og jarðvatnslögn

Teikning þessi gildir almennt fyrir sumarhús og önnur smáhýsi

Scale 1:50 1:20	TEIKNIVANGUR Súðarvogi 4, 104 Reykjavík Nnr. 8859-1461, Sími 681317 Pósthólf 4362, 124 Reykjavík	DATE: DESIGN: Sam Örg DRAWN: KM Chkd: Approved: S. Örg DWG. NO 84 003